

Fundargerð 382. fundar
framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,
haldinn 19. febrúar, kl. 15.30 að Grensásvegi 16.

Fundinn sátu:

Sandra B Franks, formaður
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður
Jóhanna Traustadóttir, ritari
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri

Fundarritun:

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

Dagskrá

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
3. **Kjaraviðræður**
 - Staðan
 - Væntanleg fundahöld vegna kjarabaráttu
4. **Félagsstjórnarfundur**
 - **Ársskýrslur deilda**
 - **Rekstraráætlanir deilda**
 - **Og fleira**

Önnur mál

Fundargerð

1. **Fundur settur**

Sandra B Franks (SBF) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn.
2. **Fundargerð síðasta fundar**

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að síðasta fundargerð væri samþykkt og komin á netið.
3. **Kjaraviðræður**
 - SBF fór yfir að kosning um verkföll væri í gangi og þátttakan væri góð. Farið var yfir helstu atriði varðandi hugsanleg komandi verkföll og að til staði að hefja sameiginlega baráttufundi fljótlega.
 - SBF gerði grein fyrir að trúnaðarmannaráðsfundurinn hafi verið mjög vel sóttur og kröftugur í alla staði. Fundurinn sendi frá sér ályktun og í framhaldi af því birtist viðtal við formann SLFÍ í Morgunblaðinu um stöðu stéttarinnar og baráttuna framundan.

- SBF og GÖG fóru Norður á Akureyri á fund með sjúkraliðum mánudaginn 17. febrúar til að fara yfir komandi verkfallsátök og skýra hvers vegna HSN og Akureyrarbær væru sértækt með í komandi átökum. Mjög góð mæting var á fundinum og góðar umræður.
- Fundur var í Samningseiningum BSRB þann 18. febrúar þ.s. farið var yfir stöðuna varðandi styttingu vinnuviku vaktavinnufólks. Miklar umræður voru á fundinum og ákveðnum/alvarlegum áhyggjum lýst með lækkun yfirvinnuprósentu og viðmiðun dagvinnu. Fulltrúar BSRB tóku þessar umræður/mótmæli með sér á fund með samningsaðilum.
- Búið er að boða fulltrúa félagsins á fund með SNR og samninganefnd sveitarfélaga.

4. Undirbúningur fyrir Félagsstjórnarfund SLFÍ 20. febrúar

SBF fór yfir dagskrá félagsstjórnarfundarins og fram kom að farið verður yfir breytingar/breytingartillögur sem gerðar voru á lögum félagsins á vinnufundi framkvæmdastjórnar SLFÍ. Drögin verði rædd og lokahönd lögð á tillögurnar. Einnig verður farið yfir fjárhagsáætlanir deilda, en Jóna Jóhanna Sveinsdóttir (JJS) gjaldkeri hefur farið yfir áætlanirnar og málin verða rædd nánar á fundinum.

5. Skráning raunverulegs eiganda félags

SBF fór yfir að fyrir lægi að ríkisskatturinn gerir kröfu um að gerð sé grein fyrir hverjir séu raunverulegir eigendur Sjúkraliðafélagsins. Félagsstjórn þarf að skrifa upp á að eigendur félagsins séu félagsmenn, en nauðsynlegt er að hafa rafræn skilríki.

Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 17.20